



Alþingi
Erindi nr. P 132/1448
komudagur 23.3.2006

Til nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2006

Efni: *Umsögn íslenskuskorar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á 8. gr. útvarpslaga.*

Íslenskuskor Háskóla Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á 8. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 með síðari breytingum. Þann 6. mars 2006 ákvað skorin að fela tveimur skorarmönnum að skrifa umsögn um frumvarpið. Umsögn þessi fylgir hér á eftir.

8. gr. útvarpslaga fjallar um tal og texta á íslensku. Fyrsta málsgrein hennar hljóðar nú svo:

Efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausum íslensku máli.

Frumvarpið snýst um að rýmka undantekningarákvæðið sem nú nær til erlendra söngtexta sem og fréttu og fréttatengds efnis sem sent er út beint. Flutningsmenn frumvarpsins leggja til að undantekningin nái einnig til íþróttaviðburða. Undantekningarákvæðinu verði því breytt á þessa leið: „Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.“

Rök flutningsmanna frumvarpsins byggjast á tveimur atriðum, sem eru hér endursögð í stuttu máli:

- 1) Atburðir sem áhorfendur verða vitni að í beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum teljist til fréttu eða fréttatengds efnis. Þessir atburðir hafi lengi verið uppspretta umfangsmikils fréttaflutnings fjölmiðla um allan heim.
- 2) Kvæðin um íslenskt tal og textaskýringar eigi ekki við þegar sjónvarpsstöðvar endurvarpa sjónvarpsefni frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. (Dæmi: Endurvarp Landssíma Íslands hf. á Eurosport gegnum Breiðband Símans.) Óeðlilegt sé og andstætt jafnræðissjónarmiðum að banna endurvarp erlends sjónvarpsefnis án texta eða lýsingar, sé það einungis hluti af dagskrá þeirrar

sjónvarpsstöðvar sem að endurvarpinu stendur, þegar slíkt er heimilt ef endurvarpað er erlendu sjónvarpsefni í heild.

Hvor tveggja rökin eru fremur léttvæg. Deila má um hvort íþróttaviðburðir teljist til eða eigi að teljast til fréttu og fréttatengds efnis. Minna má á að skoðanir eru skiptar um það hvort umfjöllun um íþróttir eigi yfirleitt heima í fréttatímum. Sumum finnast íþróttir frétt næmar – öðrum ekki. Hvað hin rökin varðar hlýtur að skipta öllu máli að á Íslandi eru reknar íslenskar sjónvarpsstöðvar fyrir Íslendinga og um þær hafa verið sett lög og reglur. Að Íslendingar hafi aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum getur ekki komið því máli við. Með sömu rökum mætti jafnvel segja að ósanngjarnt væri að leggja íslenskum sjónvarpsstöðvum þá skyldu á herðar að sýna kvikmyndir með íslenskum texta – af því að þessar sömu myndir má sjá ótextaðar á erlendum stöðvum sem er endurvarpað hér.

Rök íslenskuskorara gegn frumvarpinu eru þessi:

Breytingin sem frumvarpið felur í sér er lítil í orðum talið, en afleiðingar hennar eru væntanlega töluverðar. Öruggt má telja að útsendingartími án íslensks tals á íslenskum sjónvarpsstöðvum margfaldist. Fréttir og fréttatengt efni án íslensks tals er fyrirferðarlítið í íslensku sjónvarpi. Það mun að líkindum ekki eiga við um íþróttáútsendingar án íslensks tals.

Fréttir og fréttatengt efni er væntanlega haft í undantekningarákvæðinu af nauðsyn. Það getur varla átt við um íþróttæfni.

Íslenskt tal í útsendingu á erlendu íþróttæfni gegnir tvenns konar hlutverki. Annars vegar að skýra þeim frá gangi mála sem ekki skilja hið erlenda mál. Hins vegar að kynna til sögunnar og halda á lofti íslenskum orðum um efnið. Það hlutverk skiptir ekki minna máli, enda snýst þetta um annan af tveimur höfuðþáttum íslenskrar málstefnu, eflingu tungunnar. Benda má á sem dæmi að eftir að útsendingum af golfmótum fjölgaði í íslensku sjónvarpi hefur notkun orða á borð við *flöt* og *fugl* aukist á kostnað slettnanna *green* og *bird*. Hlutverk fjölmiðla í viðhaldi og nýsköpun málsins verður seint ofmetið.

Íslendingum og íslenskri tungu er enginn greiði gerður með því að auka hlut þess sjónvarpsefnis sem er án íslensks tals. Íslenskuskor Háskóla Íslands leggst því eindregið gegn frumvarpinu.

F.h. íslenskuskorara Háskóla Íslands



Jón Axel Harðarson
skoraraformaður